

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á reglum Bændasamtaka Íslands um greiðslur vegna kynbótaverkefna í nautgripærkt frá 1. janúar 2011 til 31. desember 2011.

Með vísan til a. liðar 11. gr. reglugerðar nr. 913/2010 um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og greiðslur til bænda frá 1. janúar 2011 til 31. desember 2011 og gr. 6.4. í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu dags. 10. maí 2004, hefir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra staðfest verklagsreglur Bændasamtaka Íslands um greiðslur vegna kynbótaverkefna í nautgripærkt frá 1. janúar 2011 til 31. desember 2011. Reglurnar eru birtar í Stjórnartíðindum sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 22. desember 2010.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Arnór Snæbjörnsson.*

#### **Fylgiskjal.**

#### **Reglur um greiðslur vegna kynbótaverkefna í nautgripærkt frá 1. janúar 2011 til 31. desember 2011.**

Með vísan til a. liðar 11. gr. reglugerðar nr. 913/2010 um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og greiðslur til bænda frá 1. janúar 2011 til 31. desember 2011 og gr. 6.4. í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu dags. 10. maí 2004, setja Bændasamtök Ísland eftirfarandi reglur um fyrirkomulag greiðslna vegna kynbótaverkefna, á tímabilinu:

##### 1. gr.

Rétt á álagsgreiðslum vegna kynbótaverkefna í nautgripærkt eiga handhafar bein-/gripa-greiðslna á búum sem uppfylla kröfur Bændasamtaka Íslands um gæðastýrt skýrsluhald.

Handhafi greiðslna skv. 1. mgr. skal vera sá sami og er handhafi beingreiðslna og/eða gripa-greiðslna á búinu, nema annað verði ákveðið.

##### 2. gr.

Sú fjárhæð sem kemur til ráðstöfunar samkvæmt reglum þessum er ákveðin í ofangreindum samningi, reglugerð nr. 913/2010 og lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Hún nemur 45,7 milljónum kr. og skiptist með þeim hætti sem hér segir:

- a. Flöt greiðsla sem nema skal 20% af fjárhæð skv. 1. mgr., greiðist til handhafa greiðslna á búum sem uppfylla kröfur um gæðastýrt skýrsluhald.
- b. Hlutfallsgreiðsla sem nema skal 80% af fjárhæð skv. 1. mgr., greiðist í réttu hlutfalli við árskúafjölda í þeim mánuði sem greitt er út.

##### 3. gr.

Greiðslutillögun og skilyrði greiðslna eru sem hér segir:

Upphæðin greiðist með þrem jöfnum greiðslum í maí og september 2011 og janúar 2012. Til grundvallar hverri greiðslu liggja skýrsluskil síðustu fjóra mánuði fyrir greiðslumánuð ásamt því að skýrsluhaldari þarf að standast kröfur um kýrsýnatök fyrir allt yfirstandandi verðlagsár. Skýrsluskil þurfa að vera regluleg, þ.e. að skýrslu sé skilað fyrir 11. næsta mánaðar eftir mælingarmánuð. Skal vera ein niðurstaða, þ.e. eitt sýni úr hverri mjólkandi kú á búinu af hverjum ársfjórðungi ársins 2011. Niðurstöður kýrsýna þurfa að hafa borist innan 15 daga frá því að ársfjórðungi lýkur. Ef ekki tekst af

tæknilegum ástæðum hjá RM að greina niðurstöður fyrir einstaka gripi skal taka tillit til þess. Ný skýrsluhaldsbú skulu hafa skráð sig í skýrsluhald og skilað skýrslu reglulega og kýrsýnum fyrir undangengin ársfjórðung, ásamt því að standast almennar ofangreindar kröfur.

4. gr.

Bú telst skýrsluhaldsbú hafi það verið skráð í skýrsluhald á verðlagsárinu 2009-2010. Með nýjum skýrsluhaldsbúum er átt við bú sem ekki voru skráð í skýrsluhald á verðlagsárinu 2009-2010, eða hafa haft eigendaskipti á verðlagsárinu 2009-2010 eða seinna.

5. gr.

Greiðslur deilast niður miðað við fjölda þeirra sem standast kröfur þess tímabils sem er til viðmiðunar.

*Reykjavík, 21. desember 2010.*

F.h. Bændasamtaka Íslands,

**Eiríkur Blöndal.**